

# Starfsreglur siðanefndar

# Skipan í siðanefnd

- Stjórn félagsins skipar í siðanefnd sem kosin er á aðalfundi
- Í nefndinni skulu vera þrjú þroskaþjálfar af mismunandi starfsvettvangi og í varanefnd skulu vera jafnmargir með sömu skilyrðum
- Kjörtímabil skal vera þrjú ár endurkosning er heimil en þó ekki meira en tvö tímabil samfelld

# Framhald skipan í siðanefnd

- Til að þroskapjálfi teljist hæfur til setu í siðanefnd þarf hann að hafa óflekkað mannorð og hafa starfað sem þroskapjálfi í a.m.k. í fimm ár. Þroskapjálfi sem kosinn er í siðanefnd skal ekki sitja í stjórn eða öðrum nefndum Þ.Í
- Siðanefnd starfar sjálfstætt og óháð stjórn eða öðrum nefndum félagsins.

# Hlutverk siðanefndar

- Siðanefnd úrskurðar um kærur sem henni berast um brot á siðareglum Félags þroskapjálfa eins og þær eru á hverjum tíma
- Siðanefnd fundar eins oft og þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og skal hún halda gjörðabók yfir alla fundi sína
- Siðanefnd skal standa fyrir siðferðilegri umræðu innan Félags þroskapjálfa.
- Kærur til siðanefndar skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Félags þroskapjálfa
- Siðanefnd getur(ekki) tekið upp mál að eigin frumkvæði

# Framhald hlutverk siðanefndar

- Siðanefnd tekur mál fyrir í þeirri röð sem þau berast
- Siðanefnd kannar hvort einhver nefndarmanna sé vanhæfur til að fjalla um tiltekið kærumál vegna tengsla við kæranda eða kærða. Úrskurðurinn er endanlegur
- Við upphaf málmeðferðar kannar siðanefnd hvort þeim kröfum sem siðareglur gera til kæranda hafi verið fullnægt. Sé svo ekki skal kæru vísað frá og kæranda skýrt skriflega frá orsökumfrávísunar

# Framhald hlutverk siðanefndar

- Siðanefnd skal bjóða öllum málsaðilum að skýra mál sitt á fundum nefndarinnar. Hún skal einnig óska eftir skriflegri greinargerð allra aðila
- Siðanefnd ákveðurhverir skulu koma fyrir nefndina og hvaða viðbótargagna skuli aflað.
- Siðanefnd kveður upp rökstuddan skriflegan úrskurð og ritar fullskipuð undir úrskurði. Sératkvæði skulu birt með úrskurði meirihlutans. Ef um alvarlegt brot er að ræða skal siðanefnd vísa máli áframtil landlæknis.

# Framhald hlutverk siðareglna

- Siðanefnd nafngreininir ekki í úrskurði sínum kæranda eða aðra aðila máls ef hún telur að nafnbirting valdi óþægindum eða sársauka.
- Siðanefnd úrskurðar í kærumálum eftir ákvæðum siðareglna og með hliðsjón af eldri úrskurðum
- Siðanefnd fer með gögn mála, önnur en kæru og úrskurð nefndarinnar, sem trúnaðarmál og fjallar ekki um einstök mál opinberlega. Gögn skal geyma í 10 ár